


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Utgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Síða 1 af 5		
<b>Kynjafræði (FÉL273/FÉLA3KJ05)</b>		
<b>Námsáætlun vorannar 2016</b>		

<b>Kennari</b>	Snorri Björnsson	<b>Sk.st.</b>	SNO
----------------	------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er fjallað er um sögu jafnréttisbaráttu á Íslandi og stöðu jafnréttismála í dag; karl – og kvenmennsku, fjölmiðla, klámvæðingu, kynbundið ofbeldi, stjórnmal og margt fleira. Ýmsar birtingarmyndir kynjakerfisins skoðaðar og greindar. Lögð er áhersla á umræður og lýðræðislega nálgun í kennslunni, nemendur eru hvattir til að temja sér gagnrýna hugsun, vera virkir og hafa áhrif á efnispætti áfangans.

Áfanginn byggir á virkni og þátttöku nemenda þar sem reynir á sjálfskoðun, greiningu á umhverfi sínu og umræðum um eigin viðhorf og annarra.


#### **Markmið:**

##### **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- helstu hugtökum jafnréttismála
- birtingarmyndum kynjaskekkju í samfélaginu
- birtingarmyndum kynjaskekkju út frá alþjóðlegu sjónarhorni
- sögu jafnréttisbaráttunnar og áfangasigrum
- stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi fyrr og nú

##### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- taka þátt í umræðum um algeng álitamál sem tilheyra kynjafræðinni
- mynda sér skoðun á algengum álitamálum sem tilheyra kynjafræðinni
- rýna í menningu og átta sig á stöðu kynjanna eins og hún birtist þar
- meta jafnrétti út frá menningarlegum gildum samfélagsins

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>		
Útgáfa: 09			
Dags.: 06.06 2015	<b>Kynjafræði (FÉL273/FÉLA3KJ05)</b>		
Höfundur: HRS			<b>Námsáætlun vorannar 2016</b>
Samþykkt: HJS			
Síða 2 af 5			

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- útskýra skoðanir sínar m.t.t. kenninga kynjafræðinnar og hugtaka
- fjalla um samfélagið út frá sjónarhorni kyns og kynferðis með gagnrýnum augum og tengja hugmyndir kynjafræðinnar við eigin veruleika
- skilja helstu orsakir kynjaskekkjunnar samkvæmt hugmyndum kynjafræðinnar
- tengja menningu, gildi og verðmæti samfélagsins við eigið líf
- ígrunda viðhorf sín
- setja sig í spor annarra
- dýpka skilning á félagsheiminum sem hann býr í

**Námsgögn:** *Kynungabók*, greinar og annað efni frá kennara sem verður afhent í tímum eða verður aðgengilegt inni á Moodle.

Einnig er mælt með að nemendur hafi aðgang að *Handbók um ritun og frágang* e. Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal frá árinu 2010 eða síðar, útg. Mál og menning.


### **Áætlun um yfirferð:**

#### **1. lota: Saga jafnréttisbaráttu (7.1 – 5.2)**

Áfanginn kynntur. Fjallað verður um jafnréttisbaráttu í sögulegu ljósi með áherslu á framgang kvenna hér á landi. Helstu stefnur femínisma verða kynntar og fjalla verður um svonefndar bylgjur jafnréttisbaráttu og hvernig þær birtast hér á landi s.s. í stjórnáttum, bókmenntum og listum sem og daglegu lífi fólks. **Lotunni lýkur með því að nemendur vinna heimildaverkefni út frá efni lotunnar sem gildir 10% af lokaeinkunn.** Upplýsingar um verkefnið eru inni á Moodle.

#### **2. lota: Lög, reglur og hugtök (8.2 – 23.2)**

Jafnréttislögin kynnt og rædd. Leiðir til að mæla jafnrétti og ná jafnrétti kynntar. Sérstaklega verða skoðuð málefni sem hafa verið í jafnréttisumræðu síðastliðinna ára s.s. vinnumarkaður, klámvæðing o.fl. Einnig verður farið í helstu hugtök tengd

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	<b>Kynjafræði (FÉL273/FÉLA3KJ05) Námsáætlun vorannar 2016</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 5		

kynjafræði s.s. kyn og kyngervi. **Lotunni lýkur á hugtakaprófi sem gildir 10% af lokaeinkunn.** Athugið að nemendur þurfa að ná a.m.k. 8 í einkunn á þessu prófi.

### **3. lota: Karlmennska (24.2 – 11.3)**

Karlmennskuhugtakið skoðað og rætt. Mismunandi karlmennskur kynntar og helstu hugmyndir í karlafræðum. Aðkoma karla að jafnréttisumræðu og vandi karla í samtímanum skoðaður sérstaklega. **Lotunni lýkur með verkefni um karlmennsku sem gildir 10% af lokaeinkunn.**

### **4. lota: Kynlegt uppeldi, margbreytileiki og jafnrétti allra. (14.3 – 8.4)**

**Páskafrí er inni í þessari lotu.**

Hugtökin kyn og kyngervi og kynhneigð skoðuð betur í tengslum við uppeldi og hlutverk innan fjölskyldunnar. Hvernig er okkur kennd viðeigandi hegðun samkvæmt kyni og hvaða máli skiptir það? Hverjir eru kostir þess og gallar? Stjórnnum við þessu sjálf eða látum við stjórnast af utanaðkomandi öflum? Tekin verða dæmi frá ólíkum samfélögum og frá mismunandi tímum. Hver er staða fólks sem passar ekki inn í norm samfélagsins? Hvernig eiga viðhorfsbreytingar sér stað? **Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 15%**


### **5. lota: Klám, vændi og mansal (11.4 – 6.5)**

Fjallað verður um tengsl klámvæðingar, kláms, vændis og mansals og skoðað hvernig þessum málum er háttað hér á landi. Tengsl neytenda og þeirra sem falbjóða sig eða aðra rædd. **Lotunni lýkur með fyrirlestri nemenda sem gildir 15% af lokaeinkunn.**

**Verkefni:** Verkefnislýsingar eru allar inni á Moodle.


### **Námsmat og vægi námsþátta:**

Í áfanganum er mikið lagt upp úr að nemendur kynni sér efnið, leggi mat á það og tjái sig um það og noti til þess gagnrýna hugsun. Hugmyndafræði um samræður til náms verða hafðar að leiðarljósi og er þátttaka í umræðutímum metin sérstaklega til

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Síða 4 af 5		
<b>Kynjafræði (FÉL273/FÉLA3KJ05)</b>		
<b>Námsáætlun vorannar 2016</b>		

lokaeinkunnar. Það er því mikilvægt að nemendur mæti vel og taki virkan þátt í kennslustundum.

Námsmat	Lýsing	Vægi %
<b>Dagbók:</b> Unnið að ígrundunardagbók alla önnina, jafnt og þétt.	Ígrundunardagbók. Nemendur skrifa a.m.k. vikulegar hugleiðingar um námsefnið. Nánari upplýsingar verða kynntar í kennslustund og inni á Moodle.	30%
1. lota: <b>Heimildaverkefni</b>	Nemendur skila skriflegu verkefni upp á 3-5 blaðsíður.	10%
2. lota: <b>Tímapróf</b>	Könnun í tíma. Ef nemendur mæta ekki þegar könnunin fer fram fá þeir núll fyrir þennan námsþátt, nema um gild forföll sé að ræða. Athugið að nemendur þurfa að ná átta í einkunn. Ef á þarf að halda fá nemendur að þreyta prófið á ný.	10%
3. lota: <b>Verkefni tengt karlmennsku.</b>	Nemendur vinna einhverskonar kynningarefni s.s. útvarpsþátt, sjónvarpsþátt, auglýsingu eða annað tengt karlmennsku. Nánar lýsing á verkefni er að finna á Moodle.	10%
4. lota: <b>Frjálst verkefni</b>	Nemendur velja efni í samráði við kennara til að kynna. Nánari upplýsingar er að finna inni á Moodle.	15%
5. lota: <b>Fyrirlestur</b>	Nemendur vinna fyrirlestur til að flytja á málþingi sem haldið verður í lok annar. Efnisval í samráði við kennara.	15%
Yfir alla önnina: <b>Þátttaka í umræðutímum.</b>	Metin er þátttaka nemenda í umræðutímum. Metið er hvort nemandi sé undirbúinn fyrir umræður, hvort hann taki virkan þátt í umræðum, hlusti á aðra nemendur, virði samræðureglur og beit gagnrýnni hugsun.	10%

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 5 af 5	<b>Kynjafræði (FÉL273/FÉLA3KJ05) Námsáætlun vorannar 2016</b>	

**Annað:** Reglur um verkefnaskil eru í samræmi við reglur samfélagsfræðideildar VMA og má finna hér fyrir neðan. Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér þær vel.

### Reglur um verkefnaskil:

- Öll verkefni sem gilda til einkunnar skulu tilgreind í námsáætlun hvers áfanga. Þar skal koma fram í hvaða efnisþætti eða lotu á að skila viðkomandi verkefnum sem og vægi þeirra.
- Nemendum sem eru undanþegnir mætingarskyldu skulu fylgjast með skiladögum einstakra verkefna og ber þeim að virða þá.
- Kennurum er heimilt að veita lengri skilafrest vegna veikinda, hafi þau verið tilkynnt áður en skilafrestur rann út.
- Kennurum er ekki heimilt að veita lengri skilafrest vegna vinnu, íþróttá, félagsmála eða ferðalaga nema það samræmist reglum skólans um untantekningar þar á.
- Ef vanskil verða lækka einkunnir verkefna sem gilda 10% eða meira sem hér segir:

1 virkur dagur: 0,5

2 virkir dagar: 1

3 virkir dagar: 1,5

4 virkir dagar: 2


5 virkir dagar: 2,5

Eftir þessa fimm daga hafa nemendur viku til að skila verkefni, en eftir það verður ekki tekið við því.

Athugið að þar sem um símatsáfanga er að ræða ber nemendum að skila öllum verkefnum.

**Símar, tölvur og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að vera vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.**

Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 8.1.2016  
  
 Undirritun kennara

8/1 '16 Þorsteinn Krüger  
 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

